

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

1. gr.

Vatnsgjald.

Hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 5.500,69 kr. pr. íbúð og 201,89 kr. pr. fermetra húss.
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 16.839,93 kr. pr. eign og 222,63 kr. pr. fermetra húss.
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- Álagning skv. a-, b- og c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamati allra húsa og lóða.

2. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

3. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisparfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

<i>Aukavatnsgjald</i>	<i>Kr./m³</i>
fyrstu 100.000 m ³	34,78
100.000 - 250.000 m ³	31,58
eftir 250.000 m ³	28,80

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkurbyggðar leggur til.

4. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
að 32 mm	15,67
40 mm	15,67
50 mm	18,61
80 mm	44,73
100 mm	80,80

<i>Þvermál inntaks</i>		5. gr. <i>Heimæðargjald.</i> <i>Inntaksgjald, kr.</i>	<i>Yfirlengd, kr./m</i>
25	mm	278.052	13.046
32	mm	401.629	13.046
40	mm	509.760	13.046
50	mm	679.680	13.046
63	mm	957.731	13.046
75	mm	1.359.359	13.046
90	mm	2.002.144	13.046

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 2022, 174,1 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfaraveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29. nóvember 2022 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2023. Jafnframt fellur brott gjaldskrá Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar, nr. 1308/2020.

Dalvíkurbyggð, 23. desember 2022.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2022